

55. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi, sumarferð 16.07 2019

Í tilefni af 70. ára afmæli Baldurs Pálssonar slökkviliðsstjóra og því að Baldur er að láta afstörfum hjá Brunavörnum á Austurlandi eftir að hafa starfað sem slökkviliðsstjóri frá stofnun samlagsins árið 2006, ákvað stjórn að ferðast saman til fjalla með Baldur sem leiðsögumann .

Lagt var af stað á bifreið Björgunarsveitar Héraðs, frá Lyngási 12, Egilsstöðum kl. 10:30. Í förinni voru stjórnarmennirnir Björn Ingimarsson, Gauti Jóhannesson, Jón Þórðarson, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Þór Steinarsson og Gunnþórunn Ingólfisdóttir. Baldur Pálsson fráfarandi slökkviliðsstjóri og Haraldur Geir Eðvaldsson slökkviliðsstjóri sem var bílstjóri.

Í Laugarfellsskála var fundað og afhenti formaður Baldri gjafir og þakkaði fyrir hönd stjórnar góð störf og samskipti undanfarinna ára. Eftir fleiri ávörp og súpuveitingar var ekið yfir á Brúaröræfi með viðkomu í Laugarvalladal og fleiri sögustöðum. Til stóð að stjórn skoðaði Stuðlagil á Jökuldal, nýjasta ferðamannaundur Austurlands, af því varð þó ekki og haldið í Skjöldólfsstaði þar sem stjórn snæddi kótelettur og meðlæti , auk þess sem staðarhaldarar færðu afmælisbarninu dýrindis rjómatertu , sem þeim sem snæddu þótti mikið til um. Ferðin endaði á Egilsstöðum um kl. 19:00 .

Stjórn þakkar Baldri einstaklega fróðlega og góða leiðsögn þennan dag og Haraldi styrka akstursstjórn.

Gunnþórunn ritaði fundargerð.